



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnslu í umgengismálum. (Þingskjal 157 — 90. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill taka undir áhyggjur flutningsmanna tillögunnar um hæga stjórnarsýslu og afgreiðslu mála í umgengnismálum barna við foreldri sín. Samtökin styðja við hugmyndir um að bættu stjórnarsýslu og hraða málsmeðferð í slíkum málum svo börn megi búa við öryggi og stöðugleika, án átaka, ofbeldis og deilna.

Mikilvægt er að eiga samráð við hagsmunaaðila, sýslumannsembættin, hagsmunasamtök, fræðasamfélagið, ráðuneyti og barnaverndaryfirvöld um mótun betri stjórnarsýslu í umgengnismálum. Barnaheill kalla eftir samtali og sýnilega bættu verklagi í þágu barna sem lenda á milli foreldra í ágreiningsmálum.

Barnaheill hafa áður tekið þátt í umræðum hvað varðar umgengnis- og tálmunarmál og birtu blaðagrein árið 2016 sem hér fylgir.

Sjálfstæður réttur barna

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök sem vinna að velferð og bættum réttindum allra barna. Snar þáttur í starfsemi Barnaheilla er barátta gegn ofbeldi á börnum og stöðug áminning um að börn eru viðkvæmur hópur sem eiga rétt á sérstakri vernd og að vera virt sem einstaklingar með sjálfstæð réttindi.

Í formála barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er því lýst yfir að hvert barn ætti að alast upp í fjölskylduumhverfi þar sem ríkir hamingja, ást og skilningur. Meirihluti barna á Íslandi njóta þess að búa í slíku nærandi og hvetjandi umhverfi.

Börn eiga rétt á að búa við bestu mögulegu uppeldisaðstæður og þau eiga rétt á vernd gegn hvers konar ofbeldi, vanrækslu og óæskilegum áhrifum, svo sem af hatursorðræðu og ógnandi aðstæðum.

Í Barnasáttmálanum er gengið út frá því að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Það sem barni er fyrir bestu skal vera foreldrum efst í huga. Jafnframt er meginreglan sú að börn skuli ekki aðskilin frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema í brýnustu nauðsyn, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt.

Þegar foreldrar skilja og slíta samvistum, getur veröld barna og foreldra þeirra farið á hvolf og djúp sár geta myndast sem tekur tíma og vinnu að græða. Í flestum tilfellum ganga skilnaðir tiltölulega vel miðað við aðstæður, eða í um 80% tilvika ná foreldrar að semja um skilnaðarskilmála án sérstakrar aðstoðar¹. En í öðrum tilfellum ganga þeir ekki jafn vel. Í þeim tilfellum þegar mikil reiði ríkir á milli foreldra, særindi, ásakanir og spenna, líða börnin gjarnan miklar þjáningar. Þeim er jafnvel gert að taka afstöðu með öðru hvoru foreldrinu og gegn hinu og þannig verða þau á milli sem eins konar vopn í valdabaráttu foreldra sinna.

Barnaheill hafa áhyggjur af börnum sem verða á milli í átökum foreldra eftir skilnað. Börn bera ekki ábyrgð á vellíðan foreldra sinna. Börnum má ekki beita sem vopni í baráttu foreldra um völd. Foreldrar þurfa að greiða úr samskiptaerfiðleikum sínum án þess að leggja óhæfilega ábyrgð á börn sín í því verkefni. Börn eiga sjálfstæðan rétt til að umgangast og þekkja bæði foreldri sín og það á að stuðla að því að umgengni geti gengið vel, ef með þarf, með stuðningi eða undir eftirliti.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á stjórnvöld og samfélagið allt að gæta þess að börn séu ekki látin bera ábyrgð á velferð foreldra sinna og að börn séu ekki útilokuð frá umgengni við foreldri sín nema að öryggi þeirra sé í raun ógnað. Barnaheill biðla til foreldra að hafa hagsmuni barna sinna í forgrunni við allar ákvarðanir sem þau varða.

Öll börn eiga að njóta sömu tækifæra til að lifa hamingjuríku lífi og okkur ber öllum skylda til að gæta sameiginlega að því að svo megi verða.

¹Skilnaðarforeldrar – og börn, grein eftir Sigrúnu Júlíusdóttur.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issid=369203&pageid=6000357&lang=is&q=Skilna%F0arforeldrar%20og%20barn